

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi.

## 1. gr.

Flóahreppur innheimtir gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er Flóahreppi skv. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 heimilt að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál samanber samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi nr. 1198/2019 og 23. gr. laga nr. 55/2013, sbr. einnig 59. gr. laga nr. 7/1998. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

## 2. gr.

*Sorphirðugjald.*

Fyrir hálfsmánaðarlega tæmingu greiðist sorphirðugjald, sbr. samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi:

240 lítra tunna	16.801 kr.
660 lítra kar	49.526 kr.
1.100 lítra kar	82.431 kr.

## 3. gr.

*Sorpeyðingargjald.*

Íbúðir	17.157 kr.
Sumarhús	17.157 kr.
Atvinnurekstur iðnaðarhverfi	37.435 kr.
Atvinnurekstur lögbýli	20.277 kr.

## 4. gr.

*Seyrulosun.*

Fyrir tæmingu þriðja hvert ár:	
Íbúðarhús/sumarhús	9.951 kr.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 3. desember 2019 og öðlast gildi við birtingu. Gjaldskrá nr. 1297/2018 fellur úr gildi við gildistöku þessarar.

*Flóahreppi, 10. desember 2019.*

**Eydís P. Indriðadóttir** sveitarstjóri.